

Miðvikudaginn 16. maí 1934.

Nr. 36/1934. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Jóni Ólafssyni, Sigurði Hjaltested og
Önnu Friðriksdóttur**

(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. l. 32/1933 og 84/1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. jan. 1934: Kærðu, Jón Ólafsson, Anna Friðriksdóttir og Sigurður Kristján Hjaltested, greiði hvert um sig 100 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Verði sektin ekki greidd afplánist hún með 8 daga einföldu fangelsi.

Kærðu greiði allan kostnað sakarinnar, in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að kærandi máls þessa, Mjólkurbú Flóamanna, framleiðir og selur vörur svo skyldar vörum þeim, er hlutafélag það, er hin kærðu veita forstöðu, hefir framleitt og selt undir hinu átalda vörumerki, verður að telja áðurnefnt Mjólkurbú réttan aðilja til að kæra notkun vörumerkisins. Verður því jafnframt að telja hana brot á a-lið 1. gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933. En þetta leiðir þó eigi til annarar niðurstöðu um sektahæðina en í hinum áfrýjaða dómi segir, og þykir því mega staðfesta hann með þessari athugasemd, og að öðru leyti samkvæmt forsendum hans, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Eftir þessum málalokum verður að dæma hin kærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Hin kærðu, Jón Ólafsson, Sigurður Hjaltested og Anna Friðriksdóttir, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn stjórn h/f. Ásgarður, þeim Jóni Ólafssyni, bankastjóra. Laufásvegi 53, Önnu Friðriksdóttur, Hólatorgi 6 og Sigurði Kristjánssyni Hjaltested, bakameistara, Klapparstíg 17, öllum hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 32, 1933 um tilbúning og verzlun með smjörliki og lögum nr. 84, 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Málavextir eru þeir, er nú greinir:

Hinn 27. september s. l. kærir C. Jörgensen, f. h. Mjólkuurbús Flóamanna, yfir því, að hlutafélagið Ásgarður, en í stjórn þess eru kærðir í málinu, framleiði og selji smjörliki undir nafninu Rjómabússmjörliki og noti sem vörumerki á umbúðum þess og auglýsingum sínum mynd af skjöldóttri kú. Telur hann þetta hvorutveggja brjóta í bága við fyrgreind lög og valda misskilningi, þannig að kaupendur taki smjörliki þetta fyrir smjör eða smjörsigildi.

Það er upplýst í málinu, að fyrrnefnt hlutafélag hefir fengið skrásett sem vörumerki mynd af skjöldóttri kú, og stendur orðið: Rjómabússmjörliki í boga fyrir ofan mynd-

ina. Merkið er skrásett fyrir smjörliki. Það er tilkynnt til skrásetningar hinn 10. dez. 1932 og skrásett 12. jan. árið eftir.

Fyrgreind lög um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl. gengu í gildi 19. júní 1933. Í 4. gr. þeirra er bannað „að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt, en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.“.

Það verður ekki annað séð, en að heiti þetta og mynd, sem hlutafélag þetta notar á smjörliki sitt, falli undir þetta ákvæði. Bann greinarinnar er skilyrðislaust og tekur til allrar notkunar slíkra orða í sambandi við smjörliki, hvort sem hún hefir viðgengizt áður en lögin ganga í gildi eða er tekin upp eftir gildistöku þeirra.

Talsmaður kærðu hefir véfengt að lögin gætu tekið til vörumerkis kærðu. Hefir hann fært það fram, að með því að meina þeim notkun vörumerkisins séu þeir sviptir eign sinni og þá sé skilyrða 63. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur fyrir eignasviptingu ekki gætt, og geti því lögin af þeirri ástæðu ekki verið gild.

Á þetta verður ekki fallizt. Það verður ekki talið, að einkaréttur sá, sem hlutafélagið öðlaðist samkvæmt vörumerkjälögum nr. 43, 1903 við skrásetningu vörumerkisins, geti hindrað, að löggjafarvaldið setji almennar reglur um verzlunarhætti og heiti varnings eða breytt með lögum því ástandi sem var, þegar einkarétturinn var veittur. Það verður að líta svo á, að réttur vörumerkisins sé háður hinni almennu löggjöf, eins og hún er á hverjum tíma og löggjafarvaldið geti breytt vörumerkjälöggjöfinni beint og óbeint eins og öðrum lögum.

Viðvíkjandi hinu atriði kærunnar, að notkun vörumerkisins kæmi í bága við 1. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84, 1933, er það að athuga, að samkvæmt 16. gr. sömu laga sætir brot gegn 1. gr. mál-sókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið. Í 1. gr. laganna er bannað, að gefa villandi upplýsingar um vörur, til að hafa áhrif á eftirspurn og sölu og þar meðal annars talin til auðkenni, sem gefa „rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslu-

stað (eða land) vörunnar um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag“. Nú verður ekki séð að nafnið Rjórabússmjörliki beinist sérstaklega að kæranda, Mjólkurbúi Flóamanna, eða að hann verði fyrir nokkrum sérstökum órétti af notkun þess, og ber því að sýkna kærðu af þessum lið kærunnar.

Samkvæmt framansögðu verður hinsvegar ekki hjá því komizt, að telja kærðu hafa gerzt sek gegn l. um tilbúning og verzlun með smjörliki o. fl. nr. 32, 1933. Fellur brotið undir 4. gr., sbr. 13. gr. og þykir refsing hinna kærðu, sem ekki hafa áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu, hvers um sig, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiddist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 8 daga einföldu fangelsi. Kærðu greiði og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið óþarfur dráttur.

Miðvikudaginn 16. maí 1934.

Nr. 38/1934. **Valdstjórnin** (G. A. Sveinsson)

gegn

Ársæli Halldórssyni

(Garðar Þorsteinsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. júlí 1933: Kærður, Ársæll Halldórsson, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs og komi 35 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sæti kærður fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 5 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þótt ekki hafi verið kringumstæður til að rannsaka áfengisstyrkleik hins bruggaða vökva, verður